

Alþingi
Erindi nr. P 140/2234
komudagur 9.5.2012

Atvinnuveganefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. maí 2012
2012040017/42-1-3
TB,KJ
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 25. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tíma til að fara yfir hverja einstaka virkjunarhugmynd m.t.t. til verndargildis og því ekki hægt að meta hvert yrði endanlegt álit stofnunarinnar um verndargildi svæðanna m.t.t. landsins í heild.

Orkunýtingarflokkur

Náttúrufræðistofnun mat verndargildi 18 háhitasvæða (Sjá skýrslur stofnunarinnar: NÍ-09012, NÍ-09013, NÍ-09014 og NÍ-09015) við undirbúning Rammaáætlunar. Ef svæði er sett í orkunýtingarflokk sbr. lög nr. 48/2011 veitir það stjórnvöldum heimild til að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu og þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna. Einnig skulu sveitarfélög aðlaga skipulag að orkunýtingar- og verndarflokkum. Að setja svæði í nýtingarflokk fylgir því mikil ábyrgð. Svæði í orkunýtingarflokki eru ekki undanskilin mati á umhverfisáhrifum og því er endanleg útfærsla virkjunarhugmynda ekki frágengin. Það ber því að varast að fjalla um þennan flokk eins og að búið sé að taka allar ákvarðanir. Útfærsla virkjunar getur skipt verulegu máli hvað varðar vernd og sjálfbæra nýtingu. T.d. eru Eldvörp á Reykjaneskaga í nýtingarflokki ein fárra ósnortinna gígaraða á þessu svæði. Einnig má nefna Bjarnarflag sem t.d. vegna afallsvatns getur hugsanlega haft verulega neikvæð áhrif á Mývatn. Í þessum tveimur tilfellum getur t.d. útfærsla og kröfur um mengunarvarnir ráðið úrslitum um annars vegar vernd jarðfræðiminja og hins vegar vernd lífríkis ef allt fer á versta eða besta veg.

Í mati Náttúrufræðistofnunar á verndargildi háhitasvæði þá hlaut Reykjanes (Reykjanes) hæstu einkunn þ.e. að svæðið skildi njóta **hámarks verndar** (NÍ-09014). „Torfajökulssvæðið er talið hafa hæst verndargildi en eftirtalin svæði önnur eru talin hafa hátt verndargildi á heimsvísu: Reykjanes, Grændalur, Geysir, Torfajökull/Landmannalaugar, Askja, Leirhnjúkur og Gjástykki og Brennisteinsfjöll. Ljóst er að lítill munur er á verndargildi margra

háhitasvæða landsins en þau eru öll fágæt á lands- og heimsvísu. Í fyrsta lagi er fjöldi háhitasvæða á landinu takmarkaður. Í öðru lagi eru sum svæðin einstök á landsvísu og eru nú þegar friðlýst eins og t.d. Askja. Í þriðja lagi er þéttleiki háhitasvæða mikill á Íslandi miðað við önnur lönd, og í fjórða lagi njóta öll háhitasvæði sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd. Það er því ljóst að fágætisgildi háhitasvæða er hátt án alls tillits til annarra viðmiða. Hvað Reykjanes varðar þá er það fyrst og fremst jarðfræðin sem vegur þyngst á Reykjanesi t.d. „landganga“ Atlantshafshryggjarins. Þó svo að orkunýtingarflokkur heimili ekki allar mögulegar útfærslur þá hefði þessi virkjunarkostur að mati Náttúrufræðistofnunar aldrei átt að lenda „neðar“ en í biðflokki þrátt fyrir að svæðinu sé að hluta raskað. **Áhöld hafa auk þess verið um sjálfbæra nýtingu svæðisins.** Náttúrufræðistofnun telur því fráleitt að Reykjanessvæðið, með hátt verndargildi á heimsvísu, sé í orkunýtingarflokki. Þetta á bæði við um Reykjanes og Stóru-Sandvík.

Biðflokkur

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þær virkjanir sem lenda í Biðflokki. Þar sem mikil umræða hefur verið um tilfærslu á virkjunum í neðri hluta Þjórsár í biðflokk þá er rétt að það komi fram að á meðan að ekki er endanlega búið að ganga frá málum er varða laxastofninn í Þjórsá telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt að virkjun í neðri hluta Þjórsár sé í biðflokki.

Verndarflokkur

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þau svæði sem sett eru í verndarflokk.

Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á að upplýsingar um mörg þau svæði sem hér hafa verið til umræður eru oft takmarkaðar sérstaklega í samhengi við heildaryfirsýn á náttúru landsins. Bæði vantar gott yfirlit yfir og verndarstefnu og mat á verndargildi jarðfræði landsins, heildaryfirlit yfir verndargildi vistgerða og búsvæða einstakra tegunda vantar og á næstum árum verður unnið að flokkun vatns og verndargildi þess. Val á virkjunarkostum hefur því oft einkennst meira af því að velja á milli þeirra kosta sem fyrir hendi eru í stað þess að velja virkjunarkostina með fyrrgreinda heildarsýn í huga. Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum er varðar skynsamlega nýtingu lands, þ.m.t. vegna virkjana, eftir því sem upplýsingar og þekking um náttúru landsins eykst.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson